

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 1017/2003**  
**um skoðanir á skipum og búnaði þeirra, með síðari breytingum.**

1. gr.

19. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

*Skoðun ekjuferja og háhraðafarþegafara.*

Samgöngustofa annast skoðun ekjuferja og háhraðafarþegafara í innananlandssiglingum á hafsvæði A í samræmi við ákvæði reglugerðar um skoðanakerfi fyrir öruggan rekstur ekjufarþegaskipa og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum. Þar sem ákvæðum þeirrar reglugerðar sleppir skal beita 17. gr. að breyttu breytanda.

Samgöngustofa annast skoðun ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum í samræmi við ákvæði reglugerðar um hafnarríkiseftirlit, nr. 816/2011, með áorðnum breytingum. Þar sem ákvæði þeirrar reglugerðar sleppir skal beita 18. gr. að breyttu breytanda.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003 með áorðnum breytingum og öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 26. nóvember 2020.*

F. h. r.

**Sigurbergur Björnsson.**

---

*Eggert Ólafsson.*